



Fréttabréf Garðaskóla

2. tbl. 31. árg. september 2007

Meðal efnis í blaðinu:

Skólabyrjun

Mentor

Leyfi nemenda

Handbók nemenda

Skólalykill

Alþjóðlegt samstarf

Námsráðgjöf

Hraðlestrarnámskeið

Nettímarit nemenda

Náms og kynnisferð

Gott að vita

Félagsmiðstöðin

Samstarf
heimila og skóla

Rýnihópur nemenda

Skóladagatal



Garðaskóli fær viðurkenningu umhverfisnefndar

Eitt fyrsta verk skólastjórnenda Garðaskóla nú í haust var að taka á móti viðurkenningu frá umhverfisnefnd Garðabæjar fyrir smekklega og vel hirta lóð. Lokið var við frágang lóðar skólans síðastliðinn vetur og var það kærkomið á 40 ára afmæli skólans. Lóðin er sérlega vel heppnuð frá sjónarhóli allra þeirra sem að skólanum koma þ.e. nemenda, foreldra og starfsmanna. Ragnar Gíslason, skólastjóri, hefur lagt mikla áherslu á að umgengni í og við skólann sé góð og því er viðurkenning umhverfisnefndar kærkomin. Vonandi verður þetta nemendum og starfsmönnum hvatning til að halda umhverfi skólans fallegu og snyrtilegu.

Í skólabyrjun

Nemendur Garðaskóla hafa verið jákvæðir fyrstu skóladagana og allt starf farið ljúflega af stað.

Í vetur er skólastjórinn, Ragnar Gíslason, í námsleyfi. Hann dvelur í Kaupmannahöfn þar sem hann stundar nám í stjórnunarfræðum og mun það væntanlega nýtast honum vel til að skoða starf Garðaskóla frá nýju sjónarhorni og styrkja starfið í framtíðinni. Við óskum Ragnari góðs gengis í náminu. Í fjarveru hans er Þröstur Guðmundsson skólastjóri Garðaskóla og Brynhildur Sigurðardóttir aðstoðarskólastjóri.



Ragnar Gíslason



Þröstur Guðmundsson



Brynhildur Sigurðardóttir

Mentor

Garðaskóli notar skólaskráningarkerfið Mentor til að halda utan um mætingar og vinnubrögð nemenda og samskipti við heimili. Kerfið er á Netinu og er notað í leik- og grunnskólum í Garðabæ og víðar. Foreldrar hafa aðgang að kerfinu með notendanafni og lykilorði og er mikilvægt að þeir fylgist með daglegri framvindu hjá börnunum sínum. Ef foreldra vantar aðgangsorð/eða hafa glatað því þá eru þeir beðnir um að hafa samband við skrifstofu skólans, sími 590 2500.

Í haust höfum við breytt litillega fyrirkomulagi á punktakerfi skólans. Einungis verður gefin einkunn fyrir mætingu. Í upphafi vetrar eru allir nemendur með einkunnina 10 en þeir fá frádráttar punkta í hvert sinn sem þeir koma seint eða eru óleyfilega fjarverandi.

Kennarar geta síðan skráð umsagnir um ástundun og hegðun en ekki er gefin einkunn fyrir þessa þætti. Til dæmis getur kennari skráð hjá nemenda sem kemur án heimavinnu til kennslustundar eða hjá nemanda sem hefur verið með framúrskarandi vel unna heimavinnu. Tekið skal fram að ef nemandi fær fáar eða engar merkingar í Mentornum þá þýðir það að hann sé að vinna vinnuna sína vel og samviskusamlega. Jákvæðar umsagnir í Mentornum eru notaðar til að draga fram í dagsljósið sérstaklega vonduð vinnubrögð hjá nemendum. Punktakerfið er nánar útlistað á bls. 15 í skólalýklinum *Samskipti og skólaandi*.

Leyfi nemenda

Stefna bæjaryfirvalda í Garðabæ er að skóladagatöl leik- og grunnskóla séu samræmd þannig að bæjarbúar geti stofnað til fjölskyldusamveru þegar nemendur fá hlé frá skólanum. Hefð er komin á að skólarnir gefi vetrarfrí og verður það að þessu sinni dagana 11.-15. febrúar 2008.

Við viljum biðja foreldra og forráðamenn um að hafa þessa daga sérstaklega í huga þegar þeir skipuleggja frí og ferðir fyrir fjölskylduna. Ef nemandi þarf að fá leyfi frá skólanum í 1-2 daga þá sækja foreldrar um það til umsjónarkennara. Ef nemandi þarf lengra leyfi þá verður að sækja um það til skólastjóra á þar til gerðu eyðublaði sem nálgast má á heimasíðu eða skrifstofu skólans.

Stillið
leyfisbeiðnum
í hóf því
skólaganga
nemenda
er
forgangsmál

Handbók nemenda

Í upphafi skólaársins fá allir nemendur Garðaskóla afhenta handbók þar sem þeir eiga að skrá upplýsingar um heimanám og verkefnaskil. Kennarar nota handbókina til að koma skilaboðum til foreldra og foreldrar geta sömuleiðis komið skilaboðum til skólans með því að skrá þau í handbókina. Þeim tilmælum er vinsamlegast beint til foreldra að þeir skoði handbók barna sinna reglulega og fylgist þannig með framvindu námsins.



Skólalykill: Samskipti og skólaandi

Starfsfólk Garðaskóla hefur á undanförunum árum tileinkað sér samskiptaadferðir kenndar við „uppbyggingu“ eða „restitution.“ Sífellt fleiri skólar á Íslandi horfa til þessarar aðferðar til að halda utan um samskipti og agamál. Uppbyggingaraðferðinni og hvernig við nýtum hana í Garðaskóla er lýst í bæklingnum Samskipti og skólaandi.



Alþjóðlegt samstarf og nemendaskipti

Í vetur verða í gangi samstarfsverkefni við ýmsa skóla úti í hinum stóra heimi. Fjórar stúlkur í 10. bekk fara til Teningen í Þýskalandi í september og endurgjalda þær heimsókn sem þær fengu frá þýskum jafnöldrum síðastliðið vor.

Kennarar í enskudeild skólans bíða nú eftir svari um hvort þeir fái Comeniusar styrk til að halda áfram mjög farsælu samstarfi við skólann í Teningen ásamt fleiri skólum í Evrópu.

Dönskudeildin skipuleggur í vetur samstarf við Hjerting skole í Esbjerg í Danmörku. Danskir nemendur koma í heimsókn í september og vonandi geta nemar úr Garðaskóla endurgoldið heimsóknina með vorinu.

Heimasíða skólans

Á heimasíðu skólans eru ýmsar almennar upplýsingar um skólann, s.s. skólanámskrá, fréttabréf skólans, upplýsingar um starfsmenn skólans og stjórnendur. Þá eru einnig upplýsingar um námsráðgjöf, foreldrafélag og fleira.

Á forsiðu heimasíðunnar má ávallt sjá fréttir um það sem er að gerast í skólanum og þar eru einnig hagnýtar upplýsingar og tenglar í það nýjasta á vefnum. Myndir úr skólastarfinu eru reglulega settar inn á heimasíðuna.

Á heimasíðunni má finna tengla (krækjur) á nokkra námsgreinavefi sem kennarar við skólann hafa útbúið. Nokkrir kennarar hafa útbúið sérstaka vefi með upplýsingum um sínar námsgreinar.

GARÐASKÓLI - GARÐABÆ

Forsíða mánudagur, 27 ágúst 2007

Forsíða Fréttir Krækjur Vefpóstur

Forsíða

Fréttir

Um skólann

Foreldrastarf

Námsgreinar

Stuðningur

Uppbygging

Krækjur

Félagsstarf

Spurt og svarað

Eyðublið

Myndir

Vefpóstur

Námshagnastofnun

Leitarvél

Google

Wikipedia

Hvar.is

Embla

Til umhugsunar

SAFT

Öruq notkun netsins

SKÓLASTJÓRI Í NÁMSLEYFI VETURINN 2007-2008

mánudagur, 27 ágúst 2007

 Ragnar Gíslason, skólastjóri Garðaskóla, er í námsleyfi skólaárið 2007-2008. Hann dvelur í Kaupmannahöfn þar sem hann stundar nám í stjórnunarfræðum og mun það væntanlega njást honum vel til að skoða starf Garðaskóla frá nýju sjónarhorni og styrkja starfið í framtíðinni. Við óskum Ragnari góðs gengis í náminu.

Í fjarveru Ragnars er Þróstur Guðmundsson skólastjóri Garðaskóla og Brynhildur Sigurðardóttir er aðstoðarskólastjóri.

SKÓLINN HAFINN Á NÝ

föstudagur, 24 ágúst 2007

 Skólastarf í Garðaskóla hefur farið mjög vel af stað. Nemendur virðast koma vel undan sumri, sólbrúnir og afslappaðir. 9. og 10. bekkingar hafa gengið beint til verks og nýjum nemdum gengur vel að læra á nýtt umhverfi. Við bjóðum alla velkomna aftur til starfa og hlökkum til góðs samstarfs í vetur!

A+ | A- | Reset

Skóladagatal

Ágúst 2007

S	M	P	M	F	F	L
29	30	31	1	2	3	4
5	6	7	8	9	10	11
12	13	14	15	16	17	18
19	20	21	22	23	24	25
26	27	28	29	30	31	1

Þessi mánuður

Hentugt

Skóladagatal 07-08

Fréttabréf - febrúar

Inntökuskilyrði framhaldsskóla

Umsókn um leyfi

Innlegg vegna skólakorts

Samskipti og skólaandi

Valgreinalýsingar 10. bekk

Valgreinalýsingar 9. bekk

10 góð ráð í námstækni

Heimildaritun

Innitritun í Garðaskóla

Danskir nemendur í heimsókn

Dagana 17.-22. september er von á 22 nemendum frá Hjerting skole í Esbjerg, Danmörku. Þeir koma ásamt þremur kennurum sínum til að kynna Ísland, Íslendingum og Garðaskóla. Jafnaldrar þeirra hér í skólanum munu hýsa þá og kynna þeim landið og skólann okkar. Við þökkum nemendum og foreldrum þeirra kærlega fyrir að hýsa þessa góðu gesti og þjónusta þá.

Við munum taka vel á móti dönsku gestunum þriðjudaginn 18. september og nemendur mega eiga vona á því að fá danska gesti í heimsókn í tíma þessa viku sem á heimsókninni stendur.

Ef vel tekst til munu íslensku gestgjafarnir endurgjalda heimsóknina og fara til Esbjerg í vor.

Námsráðgjöf Garðaskóla



Auður Sigurðardóttir

Námsráðgjafar Garðaskóla gegna veigamiklu hlutverki við að tryggja góð samskipti innan skólans og vellíðan nemenda. Aukið hefur verið við starfshlutfall náms- og starfsráðgjafar í skólanum í vetur.

Auður Sigurðardóttir sem hefur verið kennari við skólann sl. 9 ár hefur lokið námi í náms- og starfsráðgjöf við Háskóla Íslands og við skólann sem náms- og starfsráðgjafi ásamt Ástu Gunnarsdóttur. Við bjóðum Auði hjartanlega velkomna aftur á nýjan starfsvettvang innan skólans.



Ásta Gunnarsdóttir

Nettímarit nemenda

Til stendur að gefa út nettímarit þar sem nemendur í grunnskólum Garðabæjar fá tækifæri til að birta skrif sín undir handleiðslu kennara.

Það eru Guðrún Björg Egilsdóttir, kennsluráðgjafi við Garðaskóla, og Svanhildur Sverrisdóttir, íslenskukennari sem hafa veg og vanda að þessu verkefni og verður spennandi að sjá framvinduna í vetur.



Náms og kynnisferð starfsfólks Garðaskóla

Starfsfólk Garðaskóla fór til Berlínar í júní á þessu ári til að kynna sér skólastarf. Í Berlín búa þjóðir og þjóðarbrot af ýmsu tagi sem gerir það að verkum að skólarnir hafa þurft að aðlagast þeim aðstæðum af fremsta megni. Skólarnir sem við skoðuðum að þessu sinni voru að sumu leyti jaðarskólar. Í þeim voru nemendur sem áttu erfitt uppdráttar í samfélaginu almennt, vegna tungumálaörðugleika, vegna félagslegra erfiðleika eða vegna ýmissa aðstæðna sem þeir höfðu upplifað á sinni ævi og höfðu sett mark sitt á þá.

Við heimsóttum m.a. Rudolf-Diesel Oberschule. Þar voru bekkirnir hafðir litlir til að hægt væri að sinna nemendum eins vel og hægt er. Í bekkjunum voru einnig fatlaðir nemendur, bæði líkamlega og andlega. Skólinn var með sérstaka aðstoð/verkefni fyrir nemendur sem voru m.a. með ógnandi framkomu og reyndi að beina þeim á rétta braut.

Stór hluti námsins fólst í því að aðstoða nemendur við að fara út á vinnumarkaðinn og kenna þeim að vinna. Skólinn var m.a. með reiðhjólaverkstæði, sem fékk gömul og biluð hjól gefins eða fyrir lítið. Hjólin voru gerð upp af nemendum.

Nemendur tóku þátt í ýmsum verkefnum á vegum skólans, eins og matargerð og fleiru sem tengist daglega lífinu. Fyrst og fremst var allt reynt til að gera unga fólkið að nýtum þjóðfélagsþegnum og aðstoða það við aðlögun í nýju og framandi umhverfi.

Við fengum góða innsýn inn í heim þeirra sem eru að fóta sig í ókunnugu landi. Hér hjá okkur á Íslandi er það að aukast til muna að nemendur úr öðrum löndum koma til okkar til að setjast að og það er gott að fá góða innsýn í það hvernig þessum börnum geti liðið

Fyrir hönd starfsfólks Garðaskóla Helga María Ólafsdóttir



Gott að vita

~ ýmsar upplýsingar ~

Garðaskóli - V/Vífilsstaðaveg - Sími: 590 2500 - Fax: 590 2501

Netfang: gardaskoli@gardaskoli.is Heimasíða Garðaskóla: www.gardaskoli.is

Skrifstofa skólans er opin mánud. - fimmtud. kl. 7.30 - 15.00 og föstud. kl. 7.30 - 14.30.

Skólaritarar: Anna María Bjarnadóttir og Soffía Jacobsen

Skólastjóri: Pröstur Guðmundsson throstur@gardaskoli.is

Aðstoðarskólastjóri: Brynhildur Sigurðardóttir brynhildur@gardaskoli.is

Forstöðumaður Garðalundar: Gunnar Richardson. gunnarrich@gardabaer.is

Deildarstjórar:

8. bekkur:	Helga María Ólafsdóttir.	helga@gardaskoli.is
9. bekkur:	Rebekka Cordova.	rebekka@gardaskoli.is
10. bekkur:	Ingibjörg Anna Arnarsdóttir.	ingibjorga@gardaskoli.is
Deildarstjóri sérkennslu:	Ólafur Ólafsson	olafuro@gardaskoli.is

Félagsmiðstöðin Garðalundur og Garðaskóli deila húsnæði og starfa saman að félagsmálum nemenda. Að öllu jöfnu gilda sömu reglur um starfsemi Garðalundar og Garðaskóla.

Skólasafn skólans er opið alla daga frá kl. 8.10-15.30. Skólasafnkennari: María Hrafnadóttir.

Hjúkrunarfræðingur skólans er Ása Sjörn Lórensadóttir. Skólalæknir er Ásmundur Jónasson.

Skólasálfræðingur er Brynjólfur G. Brynjólfsson. Hann hefur aðsetur á skólaskrifstofu Garðabæjar, sími 525 8500. Sálfræðingur hefur aðstöðu til viðtala í Garðaskóla.

Námsráðgjafar skólans eru: Ásta Gunnarsadóttir astag@gardaskoli.is og Auður Sigurðardóttir auður@gardaskoli.is. Þær eru til viðtals alla skóladaga. Nemendur og foreldrar geta pantað viðtal eftir þörfum í aðalsíma skólans 590 2500.

Allar helstu upplýsingar um skólann á að vera hægt að nálgast á heimasíðu hans: www.gardaskoli.is.

Allir nemendur skólans geta leitað til námsráðgjafa

Námsráðgjafar vinna ásamt öðrum starfsmönnum skólans að ýmsum vel-ferðarmálum er tengjast námi, líðan og framtíðaráformum nemenda.

Námsráðgjafar vinna bæði með einstaklinga og hópa.

Helstu viðfangsefni námsráðgjafa eru:

- Að veita ráðgjöf og upplýsingar vegna náms- og starfsvals að loknum grunnskóla. Nemendur fá aðstoð við að gera sér grein fyrir eigin áhugasviðum og meta hæfileika sína raunsætt miðað við nám og störf.
- Að veita persónulega ráðgjöf eða stuðning vegna vanda er snertir nám eða líðan nemenda og greiða aðgang að viðeigandi sérfræðiaðstoð þegar við á. Námsráðgjafi er bundinn þagnarskyldu.
- Að veita ráðgjöf og leiðsögn um vinnubrögð í námi.
- Að huga að þeim nemendum sem standa höllum fæti í námi.
- Að stýra og halda utan um jafningjastarf í skólanum.
- Að taka þátt í fyrirbyggjandi starfi í samstarfi við starfsmenn skólans og félagsmiðstöðvar svo sem forvörnum vegna vímuefna, eineltis, ofbeldis o.fl.

Nemendur geta leitað beint til námsráðgjafa eða með tilvísun frá kennurum, skólastjórnendum eða að beiðni foreldra.

Mikilvægt er að nemandinn sé virkur aðili í ráðgjöfinni og vilji til samstarfs er grundvöllur þess að ráðgjöfin nýtist honum.

Forráðamenn geta leitað beint til námsráðgjafa.

*Ásta Gunnarsdóttir námsráðgjafi.
Auður Sigurðardóttir nám- og starfsráðgjafi.*

Félagsmiðstöðin Garðalundur ~félagslíf nemenda Garðaskóla~

Vetrardagskrá félagsstarfsins í Garðalundi hófst formlega miðvikudaginn 29. ágúst. Opið verður í kvöldstarf þrjú kvöld vikunnar mánudaga miðvikudaga og föstudaga. Í boði verður fjölbreytt afþreying, spil, leiktæki, dagskrá nemenda, hópastarf o.fl.

Mánudaga og miðvikudaga er opið frá 17 til 22 og til 22.30 á föstudögum. Dansleikir og stærri viðburðir verða einkum á föstudögum og í undantekningartilfellum fram undir miðnætti. Rúta er í boði fyrir þá sem þurfa að fara um langan veg eftir dansleiki. Félagsstarfið er ætlað nemendum Garðaskóla í 8. til 10. bekk. Almenn opnun verður á mánudögum til fimmtudaga frá kl. 19 til 22. og til 22.30 á föstudögum.

Dansleikir verða á u.þ.b. fimm vikna fresti og jafnan á föstudögum. Opnunardansleikur fyrir nemendur verður föstudaginn 7. september og stendur frá kl. 20.30 til 24. Hljómsveitin Dalton og heimasæturnar í Magnyl setja stuðið í gang.

Aðrir stærri viðburðir í félagslífi verða t.d. þátttaka nemenda í félagsmálum á landsmót Samfés, Afmælisdagur skólans, Gagn og gaman dagar, Draugahús, Stílkeppni félagsmiðstöðva, Söngkeppni Garðalundar og Samfés, Hæfileikakeppni, samfésball, Rokksmiðja, Söngbúði, árshátíð o.fl. Leiklist í 8. bekk hefst í september á þriðjudögum eftir skóla í umsjón Þórunnar Clausen.

Lögð verður áhersla á að auka dagskrá í hádegi og frímínútum í vetur með ýmsum kynningum, sýningum, tónlist og léttu gamni til að hressa andann í skóla og félagsmiðstöð.

Félagsmálafræði er í boði sem valgrein fyrir nemendur í 9. og 10. bekk sem hafa áhuga á félagsmálum. 14 krakkar hafa skráð sig í hópinn og spennandi vetur framundan. Nemendur félagsmálafræðinnar koma að miklu leyti til með að skipuleggja félagslíf vetrarins, fá fræðslu sem viðkemur félagsmálum, og fá reynslu við að undirbúa og framkvæma og stjórna ýmsum viðburðum.

Dagskrá vetrarins þ.e. bekkjarkvöld, böll, smiðju-, klúbba- og námskeiðahald er auglýst á heimasíðu og á skjám í skólanum. Lögð verður séstök áhersla á leiklist, stuttmyndagerð, hljómsveitastarf, tómstundir tengdar list- og verkgreinum og vinsælir skíðahópar taka til starfa eftir áramót. Allir eru hvattir til að fylgjast vel með og fréttir má nálgast á heimasíðu *Garðalundar* www.gardalundur.is

Forstöðumaður Garðalundar er Gunnar Richardson.

Aðstoðarforstöðumaður er Ágústa Guðmundsdóttir. Sími félagsmiðstöðvar er 590 2575.



Samstarf skóla og heimila

Við Garðaskóla starfar foreldraráð sem fylgist með innra starfi skólans. Foreldraráðið fundar reglulega bæði eitt og sér og síðan með skólastjórnendum. Formaður foreldraráðs 2007-2008 er Jón Bæring Hauksson og nánari upplýsingar um störf og tilgang foreldraráðsins má nálgast á heimasíðu Garðaskóla.

Á heimasíðunni eru einnig upplýsingar um foreldrafélag skólans. Formaður þess í vetur er Þorsteinn Þorbergsson. Á foreldrafundum í september verða kosnir bekkjarfulltrúar í öllum umsjónarbekkjum og starfa þeir í náninni samvinnu við foreldrafélagið.



Rýnihópur nemenda í Garðaskóla

Nemendaráð Garðaskóla hefur um árabil starfað í góðu samstarfi við félagsmiðstöðina Garðalund og skipulagt félagslíf nemenda í Garðaskóla með miklum myndarbrag. Í nýjum grunnskólalögum sem tóku gildi um síðustu áramót er nemendaráðum gefið víðtækara hlutverk en hingað til og er þeim ætlað að sinna almennum hagsmuna- og velferðarmálum nemenda til viðbótar við félagsmálin.

Í Garðaskóla verður í vetur stofnaður *Rýnihópur nemenda* og er honum ætlað að sinna sérstaklega hagsmuna- og velferðarmálum nemenda á meðan nemendaráðið heldur áfram að sjá um félagsmálin. Í september verður leitað að fulltrúum úr öllum árgöngum til að sitja í Rýnihópnum sem mun síðan starfa undir leiðsögn Brynhildar Sigurðardóttur, aðstoðarskólastjóra. Vonandi tekst okkur með þessum rýnihópi að skapa nemendum skýrari vettvang til að ræða hagsmunamál sín innan skólans og koma þeim á framfæri við starfsfólk skólans, foreldra og yfirvöld.

Þeir nemendur sem eru áhugasamir um að sitja í rýnihópnum geta haft samband við Brynhildi á skrifstofu aðstoðarskólastjóra.



Hraðlestrarnámskeið

Í Garðaskóla er mikil áhersla lögð á að nemendur þjálfí lestrarfærni sína. Nemendur eru í 6 stundir á viku í íslenskukennslu sem er einni stund fleiri en tíðkast í flestum grunnskólum landsins. Þessari kennslustund er varið í kjörbókarlestur og með því markmiði er stefnt að því að örva og auka lestrarþjálfun nemenda enn frekar.

Í byrjun september verður kennurum í Garða- og Flataskóla boðið á námskeið í lestrartækni. Kennari á námskeiðinu er Ninna Wedendahl sem er danskur kennari og skólasafnvörður í Gammel Hasseris Skole í Álaborg.

Ninna verður með fyrirlestur fyrir kennarana og síðan mun hún fara með kennurum inn í 7. og 8. bekki og fjalla um lestrarvenjur- og tækni. Hún mun sýna nemendum hvernig þeir geta mælt leshraða og hvað þeir geti gert til að auka hraðann. Auk þess mun hún kynna ólík form lestrar og hvernig lesandi getur nýtt sér þau.



2. tbl. 31. árg. september 2007

Fréttabréfinu er dreift til allra nemenda skólans og er ætlað þeim og forráðamönnum þeirra.

Ritstjóri og ábyrgðarmaður: Brynhildur Sigurðardóttir, aðstoðarskólastjóri

Umbrot og hönnun: Soffía Jacobsen, ritari

Upplag: 500 eintök.

Heimasíða: <http://www.gardaskoli.is>

Netfang: gardaskoli@gardaskoli.is

Skólalagatal

Kennsludagar = 180

ÁGÚST	SEPTEMBER	OKTÓBER	NÓVEMBER	DESEMBER	JANÚAR	FEBRÚAR	MARS	APRIL	MAÍ	JÚNÍ
1 M	1 L	1 M	1 F	1 L Fullveldisdagurinn	1 Þ Nýársdagur	1 F	1 L	1 Þ	1 F Uppstigningardagur Verkalýðsdagurinn	1 S Sjómanna dagurinn
2 F	2 S	2 Þ	2 F	2 S	2 M	2 L	2 S	2 M	2 F Samr.pr. 10.be. (nát) Könnunarpróf 8.-9. be.	2 M
3 F	3 M	3 M	3 L	3 M	3 F Sk.d.	3 S	3 M	3 F	3 L	3 Þ
4 L	4 Þ	4 F	4 S	4 Þ	4 F Sk.d.	4 M Bolludagur	4 Þ	4 F	4 S	4 M Sk.d.
5 S	5 M	5 F	5 M	5 M	5 L	5 Þ Sprengidagur	5 M	5 L	5 M Samr.pr. 10.be. (sam) Könnunarpróf 8.-9. be.	5 F Skólaslit
6 M Fridagur verzlunarmanna	6 F Foreldrafundur kl. 8:20 - 9:00	6 L	6 Þ Gagn og gaman	6 F Lokapróf í NAT103 kl.8.10	6 S	6 M Öskudagur	6 F	6 S	6 Þ Samr.pr. 10.be. (dan) Könnunarpróf 8.-9. be.	6 F Sk.d.
7 Þ	7 F	7 S	7 M Gagn og gaman	7 F	7 M	7 F	7 F	7 M	7 M	7 L
8 M	8 L	8 M	8 F Gagn og gaman	8 L	8 Þ	8 F	8 L	8 Þ	8 F Samr.pr. 10.be. (stæ) Könnunarpróf 8.-9. be.	8 S
9 F	9 S	9 Þ	9 F Dagur skólans	9 S	9 M	9 L	9 S	9 M	9 F	9 M Sk.d.
10 F	10 M	10 M	10 L	10 M	10 F	10 S	10 M	10 F	10 L	10 Þ
11 L	11 Þ	11 F	11 S	11 Þ	11 F Afhending einkunna	11 M Sk.d.	11 Þ	11 F	11 S Hvítasunnudagur	11 M
12 S	12 M	12 F	12 M	12 M	12 L	12 Þ Sk.d.	12 M	12 L	12 M Annar í hvítasunnu	12 F
13 M	13 F	13 L	13 Þ	13 F	13 S	13 M Vetrafri	13 F	13 S	13 Þ	13 F
14 Þ	14 F	14 S	14 M	14 F Haustpróf	14 M Foreldra- og nemendaviðtöl	14 F Vetrafri	14 F	14 M	14 M	14 L
15 M Sk.d.	15 L	15 M Námskönnun 15.10. - 19.10.	15 F	15 L	15 Þ	15 F Vetrafri	15 L	15 Þ	15 F	15 S
16 F Sk.d.	16 S	16 Þ	16 F Dagur íslenskrar tungu	16 S	16 M	16 L	16 S Pálmasunnudagur	16 M	16 F	16 M
17 F Sk.d.	17 M	17 M	17 L	17 M Haustpróf	17 F	17 S	17 M	17 F	17 L	17 Þ Þjóðhátíðardagurinn
18 L	18 Þ	18 F	18 S	18 Þ Haustpróf	18 F	18 M	18 Þ	18 F	18 S	18 M
19 S	19 M	19 F	19 M	19 M Haustpróf	19 L	19 Þ	19 M	19 L	19 M	19 F
20 M Sk.d.	20 F	20 L	20 Þ	20 F Jólaskemmtun	20 S	20 M	20 F Skirdagur	20 S	20 Þ	20 F
21 Þ Sk.d.	21 F	21 S	21 M	21 F	21 M	21 F	21 F Föstudagurinn langi	21 M	21 M	21 L
22 M Skólasetning	22 L	22 M Sk.d. Námskönnun	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 L	22 Þ	22 F	22 S
23 F	23 S	23 Þ	23 F	23 S	23 M	23 L	23 S Páskadagur	23 M	23 F	23 M
24 F	24 M	24 M	24 L	24 M Aðfangadagur jóla	24 F	24 S	24 M Annar í páskum	24 F Sumardagurinn fyrsti	24 L	24 Þ
25 L	25 Þ	25 F Foreldra- og nemendaviðtöl	25 S	25 Þ Jólalagur	25 F	25 M	25 Þ	25 F	25 S	25 M
26 S	26 M	26 F	26 M	26 M Annar í jólum	26 L	26 Þ	26 M	26 L	26 M	26 F
27 M	27 F	27 L Fyrsti vetrardagur	27 Þ	27 F	27 S	27 M	27 F	27 S	27 Þ	27 F
28 Þ	28 F	28 S	28 M	28 F	28 M	28 F	28 F	28 M	28 M	28 L
29 M	29 L	29 M	29 F	29 L	29 Þ	29 F	29 L	29 Þ	29 F Samr.pr. 10.be. (isl) Könnunarpróf 8.-9. be.	29 S
30 F	30 S	30 Þ	30 F	30 S	30 M		30 S	30 M	30 F Samr.pr. 10.be. (ens) Könnunarpróf 8.-9. be.	30 M
31 F		31 M		31 M Gamliársdagur	31 F		31 M		31 L	
8	20	22	22	14	19	16	15	21	20	3

Samkvæmt kjarasamningi Kennarasambands Íslands og Launanevndar sveitarfélaga skulu skólalagur nemenda vera 180 á tímabilinu 20. ágúst til 10. júní. Sérstakir starfsdagur kennara á starfstíma nemenda eru fimm (rauðir). Starfsdagur kennara utan starfstíma nemenda eru 8 (bláir dagar á skólalagatali). Skólanefnd skal staðfesta áætlun um starfstíma skóla